

Viðtakandi:

**Ríkisskattstjóri Hellsu
Vegskálum 1
850 Hellsu**

Uppgjörstímabil

Mánuður

Ár

2014

A Rekstraraðili

Nafn rekstraraðila	Kennitala	Lögheimilissveitarfélag
Heimili	Póstnúmer og pósthöð	

B Almenningsvagnaakstur

a) Olíunotkun í lítrum
b) Endurgreiðsla (a liður x 56 kr. pr. l. x 0,29)

C Blandaður akstur - greinargerð

1. Fast númer ökutækis	2. Heildarakstur í km á tímabilinu	3. Fjöldi ferða á áætlunarleið	4. Lengd áætlunarleiðar í km	5. Olíunotkun alls í lítrum	6. Olíunotkun í almenningsvagnsakstri í lítrum $\left(\frac{3,4}{2}\right) \times 5$.	7. Endurgreiðsla (6.x 56 kr. pr. l. x 0,29)
Samtals						

D Athugasemdir

Undirskrift

..... Dagsetning Undirskrift
---------------------	----------------------

Leiðbeiningar um útfyllingu

Endurgreiðslubeiðni þessi samkvæmt ákvæði til bráðabirgða V í lögum um olúgjald og kílómetragjald nr. 87/2004 með síðari breytingum sbr. reglugerð nr. 395/2005 tekur til þeirra sem leyfi hafa til fólksflutninga skv. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 73/2001, um fólksflutninga, vöruflutninga og efnisflutninga á landi. Þeim sem rétt eiga á endurgreiðslu olúgjalds ber að kaupa ólitaða gjaldskylda dísilolíu og skulu þeim endurgreidd 29% olúgjalds af dísilolíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum.

Tímabil endurgreiðslu

Hér skal tilgreina mánuð og ár sem endurgreiðslubeiðni varðar.

A-liður Rekstraraðili (umsækjandi)

Hér skulu skráðar tiltekna upplýsingar um umsækjanda.

B-liður Almenningsvagnaakstur

Útfylla ber lið B ef umsækjandi er eingöngu í almenningsvagnaakstri. Hér þarf að skrá lítra af notaðri gjaldskyldri dísilolíu allra almenningsvagna í eigu og/eða umráðum umsækjanda á því tímabili sem endurgreiðslubeiðni varðar. Þá skal einnig skrá endurgreiðsluna.

C-liður Blandaður akstur - greinargerð

Útfylla ber lið C ef umsækjandi stundar blandaðan akstur, þ.e. stundar almenningsvagnaakstur en notar jafnframt sama ökutækið í öðrum akstri. Nauðsynlegt er að fylla út alla reitina.

D-liður Athugasemdir

Hér er gefinn kostur á að skrá athugasemdir

Endurgreiðslutímabil og afgreiðsla beiðna

Hvert endurgreiðslutímabil er einn mánuður og skulu þeir sem rétt eiga á endurgreiðslu eigi síðar en 15.

dag næsta mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils senda ríkisskattstjóra greinargerð um kaup á olíu á því endurgreiðslutímabili. Ríkisskattstjóri afgreiðir beiðni um endurgreiðslu fyrir fimmtánda dag annars mánaðar eftir lok endurgreiðslutímabils hafi beiðni verið skilað á tilskildum tíma. Frestur þessi framlengist þó ef ríkisskattstjóri getur ekki vegna aðstæðna umsækjanda gert nauðsynlegar athuganir á gögnum sem beiðnin byggist á. Innheimtumenn ríkissjóðs, þ.e. tollstjórinn í Reykjavík og sýslumenn annars staðar á landinu, annast endurgreiðslu. Komi í ljós að endurgreiðsla hafi verið of há tilkynnir ríkisskattstjóri aðila og innheimtumanni ríkissjóðs þar um.

Færslur í bókhald og ársreikning

Þeir sem rétt eiga á endurgreiðslu olúgjalds skulu halda í bókhaldi sínu skrá yfir akstur ökutækja. Jafnframt skulu þeir halda í bókhaldi sínu reikninga og skrár yfir olíukaup og olíunotkun og annað sem máli skiptir fyrir sönnun á réttmæti endurgreiðslunnar. Vanræki þeir að skrá akstur eða færa fullnægjandi bókhald fellur niður réttur til endurgreiðslu fyrir tímabilið þegar bókhald eða skráning var ekki fullnægjandi. Þeir sem fá endurgreiðslu olúgjalds af dísilolíu vegna rekstrar almenningsvagna í áætlunarferðum skulu færa hana á sérstakan tekjureikning í bókhaldi sínu. Þá skal endurgreiðslan tilgreind annað hvort sérstaklega í ársreikningi sem fylgir skattframtali eða í skýringum með honum.

Viðurlög

Röng skýrslugjöf eða framlagning rangra eða villandi gagna, svo og röng upplýsingagjöf í því skyni að fá endurgreiðslu á olúgjaldi samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 395/2005, varðar við 19. gr. laga nr. 87/2004, um olúgjald og kílómetragjald með síðari breytingum.